

# María






1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt  
þyngdarflokun Menntamálastofnunar.



Ég vil lesa, sagði Elísa.  
Og ég vil lesa, sagði Elí.

Elísa og Elí lásu um Maríu.  
Elísa og Elí lásu um  
Maríu sem á 

Ég ♥ Maríu, sagði Elísa.  
Og ég ♥ Maríu, sagði Elí.



Elísa og Elí lásu um Maríu  
sem lá í móa og sá síli í á.

Elísa og Elí lásu um Maríu  
sem sá mús og orma í móa.

María sagði:  
Ég sá mús, orma og síli.


Mús og lús rímar, sagði Elí.



Elísa og Elí lásu um Maríu  
sem var að róla.  
Maríu sem rólur  
og rólur í rólu.




Ég sá í sóla Maríu,  
sagði Elísa.



Elísa og Elí róla ekki.  
Elísa og Elí lesa.

Rólur og sólar rímar,  
sagði Elí.



Elísa og Elí lásu um Maríu  
sem var í sól.

Og Elísa og Elí lásu um Maríu  
sem sá lóu og val,  
máva og súlur.



Lóa og róa rímar,  
sagði Elí.  
Og már og sár rímar,  
sagði Elísa.





Elísa og Elí lásu um Maríu.

María sá sel

og María sá Villa í 

María sá Villa og árar í 

Villi var að róa.




Villi sá Lása sel.

En Lási selur

sá ekki Villa.

Selur og melur  
rímar, sagði Elí.

Elísa og Elí lásu  
um Maríu sem sá  
Ellu risa 



Ella


Óri

Óri er á Ellu.  
María sá Ellu og Óra.


Elísa og Elí lásu  
um Maríu sem sá  
Leó og Nóra.



Leó

Elísa og Elí lásu um Sóru í   
María sá ekki Sóru.





Ssssss, sagði Sóra.

Nú sá María Sóru.

Ó, ó, ó, sagði María.

Í, í, í, sagði Óri.

Uss, ekki, ekki, sagði María.

Vá, vá, vá, sagði Elí.

Vá, vá, vá, sagði Elísa.



Elí og Elísa sáu Maríu  
lúra í rúmi.

Elísa las: María lúrir í rúmi.

Lúra og súra rímar, sagði Elí.  
Og Óri og Nóri rímar, sagði Elísa.  
En ekki Óri og Leó, sagði Elí.

María er ekki að ríma.  
María lúrir í ró.

# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrytín orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# María

Lestrarbók 4b

ISBN 978-9979-0-2517-7

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© teikningar Freydis Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2013

önnur prentun 2017

þriðja prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Lestrarkennsluefnið



## Listin að lesa og skrifa



er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lesspil, verkefni á vef o.fl.

Í þessari bók eru æfðir bókstafirnir í, ó, s, á, l, a, i, r, ú, m, u, v, e og o ásamt orðmyndunum og, ekki, sagði, ég og að.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.  
Teikningar gerði Freydís Kristjánsdóttir.

